

Ed.

465. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá háttvirtri neðri deild. Fer það fram á 2 breytingar á lögum nr. 51, 20. des. 1901, sem nú gilda um þetta efni:

1. Að ekki er heimilt að láta graðhesta eldri en $1\frac{1}{2}$ árs, þótt ætlaðir sjeu eða notaðir til undaneldis, ganga lausa með öðrum hrossum, nema undanþága sje veitt til þess samkvæmt löggiltri samþykt.
2. Að sektir fyrir brot eru ákveðnar 10—100 kr., en þær eru nú alt að 50 kr.

Nefndin hefir eindregið fallist á, að báðar þessar breytingar sjeu rjettmætar, og ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 14. ágúst 1917.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Guðm. Ólafsson,
skrifari og framsm.

Guðjón Guðlaugsson.